

From: Bjarni Guðmundsson
Sent: föstudagur, 8. mars 2019 13:07

Subject: Svæðisskipulag Suðurlandisins - Skipan tveggja kjörinna fulltrúa og eins til vara...

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Á ársfundi SASS 2018 var samþykkt að kanna hug sveitarfélaga á Suðurlandi, sem land eiga að hálendi Suðurlands, til að vinna að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandið.

Í ályktun ársfundarins er hvatt til að gera svæðisskipulag fyrir Suðurlandið þar sem horft er til verndunar og nýtingar á svæðinu í heild. Einnig þarf að skoða skilgreiningar á hvar mörk Suðurlandisins liggja.

Forathugunin felst í því að kalla saman aðila frá þeim sveitarfélögum á Suðurlandi sem eiga land að Suðurlandinu og athuga vilja þeirra til þessarar vinnu.

Á síðasta fundi stjórnar SASS var samþykkt að Eva Björk Haraðardóttir, formaður og Helgi Kjartansson, varaformaður tækju sæti í stjórn verkefnisins.

Verkefnisstjórn hefur nú haldið sinn fyrsta fund og á honum var samþykkt að óska eftir því að að hvert sveitarfélag, sem á land að Suðurlandinu, skipi tvo kjörna fulltrúa í vinnuhóp og einn til vara sem fari nánar yfir málið og að fyrsti fundur verði haldinn í apríl nk.

Hér með er því kallað eftir **tilnefningu tveggja kjörinna fulltrúa og eins kjörins til vara** frá hverju bæjar- og sveitarfélagi á Suðurlandi sem á land að Suðurlandinu. Fulltrúarnir verða svo boðaðir á fund um hugmyndir um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandið.

Vinsamlegast sendið tilnefningar sem fyrst á netföngin alda@sudurland.is og bjarni@sudurland.is en **lokafrestur er 5. apríl nk.**

Vakni spurningar hafið þá endilega samband.

Góð kveðja og fyrirfram þakklæti,

Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri SASS